

Nd.

371. Nefndarátt

um frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Eigi gat orðið samkomulag í nefndinni um frv. þetta. Meiri hl. fylgir því óbreyttu, en við teljum með frv. gengið feti framar en þörf og ástæður kreiða.

Kostnaður við hafnarbygginguna er áætlaður 1000000 kr. og ætlar frv. rikissjóði að leggja þegar fram $\frac{1}{3}$ þess fjár, en ábyrgjast lántöku til hafnarinnar, er nemi allt að $\frac{2}{3}$ byggingarkostnaðar.

Upplýst er, að hafnarsjóður kaupstaðarins á yfir 800000 kr. óeyddar og er því langdrægt fær um hafnarbygginguna stuðningslaust.

Meiriháttar hafnarmannvirki, svo sem Reykjavíkurhöfn og Vestmannaeyja, hafa notið $\frac{1}{4}$ framlags úr rikissjóði. Hinsvegar hafa ýmsar hafnir, sem litla hafnarsjóði áttu, notið styrks að $\frac{1}{3}$ og lendingabætur allt að helmingi kostnaðar.

Skorti á gjaldgetu er ekki til að dreifa hjá hafnarsjóði Hafnarfjarðar. Ekki verður heldur sagt, að þörfin á hafnarbyggingu í Hafnarfirði sje jafnaðkallandi sem víða annarsstaðar, þótt hún að visu sje æskileg. Höfnin er frá náttúrunnar hendi allgóð og hefir í flestum áttum reynst örugg.

Fyrir þessu þingi liggja mörg hafnarlagafrv., og nema framlög rikissjóðs eftir þeim, ef samþykkja ætti, meiru en 1000000 kr., en lán og lánsábyrgðir miklu

meiru. Er augljóst, að sniða verður hjer stakk eftir vexti og fresta ýmsum þessum framkvæmdum um lengri eða skemmri tíma.

Fyrir því leggjum við til, að frv. þessu verði breytt í heimildarlög með niðurfærðum ríkissjóðsstyrk og samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin verði þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt, þegar fje er fyrir hendi, að leggja fram úr ríkissjóði alt að 250000 kr. til hafnargerðar í Hafnarfirði, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði kaupstaðarins, og greiðir ríkissjóður fjeð af hendi jafnótt og hafnarsjóður leggur fram það áskilda fjármagn.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 500000 kr. lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að taka til hafnargerðarinnar.

Alþingi, 18. apríl 1929.

Sveinn Ólafsson,
form. og frsm.

Magnús Torfason.